

Fundur í stjórn fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps á Hóli 21. ágúst 2012.

Dagskrá.

1. Bréf frá Einari Kolbeinssyni.
2. Fjárhagsáætlun.
3. Gangnaboð.
4. Önnur mál.

Erindi bréfs Einars var óánæja með þá aðstoð við heimalandasmalanir sem boðin var á síðasta fundi.

Telur að það sé alls ekki fullnægjandi og fer fram á að greidd verði fjögur dagsverk fyrir Botnastaði og Kálfárdal og sex dagsverk fyrir Bólstaðarhlíðarland.

Stjórn Fjallskiladeildar fellst á þessar kröfur gegn því að smölun landsins verði að fullu í umsjón Einars Kolbeinssonar sem er eigandi að hluta og umsjónarmaður landsins.

Samþykkt var að breyta ekki gjaldi fyrir einingu eða dagsverk og verður áfram 270 kr á einingu og 12.000 kr fyrir dagsverkið.

Fjárhagsáætlun.

Tekjur 2.297.994.kr.

Gjöld 2.175.647. kr.

Óviss útgjöld 122.347. kr.

Fjárhagsáætlun samþykkt með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar.

Unnið var gangnaboð fyrir haustið 2012 og reynt að jafna niður á búfjáreigendur af sanngirni og að vilja þeirra.

Fleira ekki gert.

Guðm. Rúnar.

Guðm. Valtýsson.

Jakob Sigurjónsson.

